

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 15. ágúst 2011.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir, Hugrún Jónsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, og Bragi Finnbogason.

1. Sigrún skýrði fundarmönnum frá því að Haraldur Ingólfsson starfsmaður Þórs hafði haft samband við hana vegna balls sem hefð er fyrir að halda í Síðuskóla í tengslum við Íslandsbankamót Þórs í 4. flokki karla og kvenna í fótbolta. Fótboltamótið hefur nú verið fært fram um tvær helgar þannig að það er helgina 26.-28. ágúst. Tíundi bekkur hefur séð um ballið og hefur ágóðinn farið í ferðasjóðinn þeirra. Núna vill hinsvegar svo til að skólinn hefur verið lánaður í annað þannig að ekki getur orðið af þessu balli hér í ár. Giljaskóli hafði hinsvegar skipulagt ball þessa helgi og ætlaði Sigrún að setja sig í samband við þá og athuga hvort þeir gætu ekki hlaupið í skarðið í ár.
2. Ester hafði athugað með skólahreystitækin og hafði þeim verið lofað í fyrstu viku september.
3. Aðalfundur er áætlaður fimmtudaginn 15. september.
4. Anna Sigrún tók að sér að sjá um að síðustu bolirnir til fyrstu bekkinga yrðu afhentir í foreldraviðtölunum.
5. Rætt var um skipulag bekkjarfulltrúa kerfisins. Sú skipan sem nú er notuð var tekin upp á fyrsta fundi stjórnar FOKS með bekkjarfulltrúum það er að foreldri þess barns sem næst er í stafrófsröðinni á eftir barni núverandi bekkjarfulltrúa sé næsti bekkjarfulltrúi.
Anna Sigrún ætlar að færa Svövu ritara lista yfir þá sem voru bekkjarfulltrúar síðastliðin vetur.
6. Foreldrafélagið hefur keypt spil fyrir nemendur og ætlaði Anna Sigrún að kanna stöðu þeirra mála.
7. Ester ætlar fyrir næsta fund að athuga hvernig heimtur hafa verið á félagsgjöldum FOKS.
8. Nokkrir punktar um fjármál. Staða á bankareikningi 446.224 kr., áætluð útgjöld upphífgangartæki 120.000 kr., flutningur á þeim norður 20.000 kr., framlag í bekkjarsjóði 160.000 kr. og svo skuldar félagið 10. bekk 40.000 kr. vegna andlitsmálunnar á síðustu vorhátíð. Við þetta gæti bæst eitthvað vegna spilakaupa.
9. Stefnt er að næsta stjórnarfundum 30.08.

Ekki fleira bókað.